

Stöðuskýrsla um afreksstarf Landssambands hestamannafélaga ágúst 2024

Landsliðsnefnd: Kristinn Skúlason formaður, Birgir Ragnarsson, Gróa Björg Baldvinsdóttir, Helgi Jón Harðarson, Sigurður Ágústsson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán Logi Haraldsson, Valdimar Grímsson.

Starfsmenn í afreksmálum

- Verkefnastjóri afreksmála, starfshlutfall 80%
- Landsliðsþjálfari A-landsliðs
- Landsliðsþjálfari U-21 landsliðs
- Yfirþjálfari hæfileikamótunar

Landsliðshópar LH 2023

A-landsliðshóp LH árið 2023 skipa 17 knapar alls, 6 konur og 11 karlar.
U21-landsliðshópin 2023 skipa 18 knapar alls, 8 strákar og 10 stelpur.

Við val á knöpum í landsliðshópum er tekið tillit til árangurs í keppni, reiðmennsku, hestakosts og íþróttamannslegrar framkomu. Ákveðnir viðburðir eru skylduviðburðir fyrir alla landsliðsknapa að mæta á, eins og líkamlegar mælingar, fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“, Menntadagur landsliðsins ákveðin WR-mót og Íslandsmót.

Starfsemi A-landsliðsins

Árið 2024 er Norðurlandamót stærsta alþjóðlega mótið í hestaíþróttum, haldið í Herning í Danmörku í byrjun ágúst og hápunktur keppnisársins innanlands er Landsmót sem haldið er í byrjun júlí og Íslandsmót haldið í lok júlí. Í upphafi vetrar var sett upp dagskrá fyrir landsliðið fram að NM. Hún fól m.a. í sér fyrirlestra, greining á líkamsbeitingu bæði á hesti og án hests, og nokkur WR-mót sem landsliðsknapar skyldu taka þátt í. Allir knapar í A-landsliði keppa í Meistaradeildinni í hestaíþróttum sem er innanhúsmótaröð. Í keppnistímabili sumarsins er knöpum gert að taka þátt í tveimur WorldRanking mótum ásamt Íslandsmóti.

Starfsemi U21-landsliðs

Í U21-árs landsliðshópnum er knöpum skylt að hitta reiðkennara/þjálfara reglulega. Landsliðsþjálfari hittir knapana og þjálfara þeirra með reglulegu millibili og fylgist náið með þjálfunarferlinu og gerir stöðumat. Boðið er upp á þjálfunarhelgar þar sem allur hópurinn hittist ásamt gestakennara og gestafyrirlesurum. Knapar í U21-liðinu taka þátt í mótaröðum vetrarins, ýmist í sínum aldursflokki eða í flokki fullorðinna og eru í þeim tilvikum að keppa upp fyrir sig í aldri. Í keppnistímabili sumarsins er knöpum gert að taka þátt í tveimur WorldRanking mótum ásamt Íslandsmóti ungmenna.

Hæfileikamótun LH

Hæfileikamótun fyrir 14 til 17 ára unglinga hófst í nóvember 2023. Auglýst var eftir þátttakendum í öllum landshlutum, 54 unglingar sóttu um og voru 42 unglingar valdir inn í Hæfileikamótun. Til að anna mikilli eftirspurn unglinga eftir að komast í Hæfileikamótun LH var ákveðið að starfrækja tvo hópa sem hvor um sig taldi 21 knapa, og þannig var þátttakendum fjölgað umtalsvert. Þátttakendur komu víða að af landinu, allt frá Hornafirði norður í Svarfaðardal. Með þessu fyrirkomulagi er hægt að fylgjast betur með efnilegum ungum krökkum og hestakosti þeirra um allt land og um leið þróa og auka samfellu milli afrekshópa LH.

Síðast liðinn vetur var viðburðarríkur og hófst árið með heimsókn til Háskólans á Hólum þar sem gíst var í tvær nætur. Á Hólum fengu þau aðgang að aðstöðu, kennurum og hestum skólans. Þar var farið í marga af grunnþáttum reiðmennskunnar m.a. ásetu og stjórnun, fimiæfingar, ásetuæfingar og þjálfun á gangtegundum.

Eftir áramót voru tvær kennsluhelgar hjá hvorum hóp þar sem kennt í einkatímum og boðið upp á fyrirlestra. Fengu þau aðstoð við þjálfun á sínum keppnishestum þar sem lögð var áhersla á hestvænar aðferðir við þjálfun ásamt því að auka skilning fyrir hestinum, eðli hans og atferli sem og að auka færni og getu hvers knapa.

Undir vor var haldinn sameiginlegur fræðsludagur með U21 landsliðshópnum þar sem voru fengnir fyrirlesarar, farið í hópefli og haldnar sýnikennslur.

Norðurlandamót

Norðurlandamót íslenska hestsins 2024 var haldið í Herning í Danmörku 8. til 11. ágúst. Undir vor var ljóst að ekki yrði hægt að flytja hesta frá Íslandi í júlí og ágúst, þar sem fragtflugvél Icelandair Cargo yrði í þjónustusköðun og ekki í notkun á meðan, vélin er sú eina sem flytur hesta frá Íslandi. Þetta dró verulega úr möguleikum okkar á að senda hesta frá Íslandi á mótið þar sem ótímabært er að senda keppnishesta út með svo löngum fyrirvara. Að endingu var það aðeins einn hestur sem fór héðan í lok júní, gagngert til að keppa á Norðurlandamóti, allir aðrir knapar kepptu á lánshestum sem fengnir voru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi, og höfðu knaparnir knappan tíma til að kynna hestum sínum og æfa sig fyrir mótið. Það liggur í hlutarins eðli að þeir hestar sem fengust að láni fyrir íslenska liðið voru „afgangshestar“ sem ekki náðu að vinna sér sæti í landsliðum hinna landanna.

Þetta varð til þess Ísland sendi einungis 4 knapa í flokki fullorðinna en betur gekk að hesta upp yngri flokkana og fóru 15 knapar í unglínga- og ungmennaflokk.

Árangur liðsins var eftirfarandi: Gullverðlaun voru 4 alls, 1 í fullorðinsflokki og 3 í ungmennaflokki, silfurverðlaun voru 4 alls, öll í ungmennaflokki, bronsverðlaun voru 3 alls, 2 í ungmennaflokki og 1 í unglíngaflokki. Árangurinn verður að teljast ásættanlegur miðað við stöðuna sem upp kom varðandi hestana. Sérstaklega var eftir því tekið hvað reiðfærni íslensku ungmennanna er af miklum gæðum og náðu þau fjölmörgum verðlaunum.

Lokaorð

Uppbygging afrekstarfs LH miðar jafnt og þétt, við tókum framfaraskref á hverju ári.

Hæfileikamótunarverkefnið, sem er vel innrammað og skilvirkt verkefni, hefur skilað umtalsverðum framförum í reiðmennsku í unglíngaflokki og umhverfi virkra keppnisknapa í flokknum. Þannig er komin ákveðin samfella í gegnum aldursflokka á uppbyggingu afrekstarfsins.

Landsliðsnefnd er sátt við framvinduna sem hefur skilað sér eftirtektarverðum í framförum í reiðmennsku í yngri flokkum sem skilar sér svo efsta stigi afrekshestaíþróttá á Íslandi.